

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag vegna aðveitustöðvar og deiliskipulagsbreytingu vegna Ártúns 1, Grundarfjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarráð Grundarfjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi:

Nýtt deiliskipulag vestan Kvernár, aðveitustöð.

Markmið deiliskipulagsins er að bæta afhendingaröryggi rafmagns á Snæfellsnesi. Í deiliskipulaginu er lóð sem er 4.900 m² að stærð. Heimilt er að reisa allt að 620 m² byggingu. Hámarkshæð húss er 8,25 m frá gólfi jarðhæðar. Skipulagssvæðið sem er rúmir 7,6 ha er suðaustan þéttbýlisins og liggur á milli ána Gilóss og Kvernár.

Samþykkt í bæjarráði 9. júlí 2015.

Deiliskipulagsbreyting, Ártún 1.

Deiliskipulagsbreytingin á við lóðina Ártún 1, þar sem byggingarreitur er settur inn með nýtingarhlutfall 0,3. Hámarkshæð mænis er 8 m frá götukóta en hámarkshæð sementsílós má ekki vera hærri en 13 m miðað við götukóta.

Samþykkt í bæjarráði 30. júlí 2015.

Ofangreind deiliskipulagsmál hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Grundarfjarðarbæ, 13. ágúst 2015.

Sigurbjartur Loftsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 28. ágúst 2015